

Ed. **5. Frumvarp til laga** **[5. mál]**

um breyting á lögum nr. 50 24. apríl 1954, um brunatryggingar utan Reykjavíkur.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965.)

1. gr.

Á eftir 3. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkvæmt því:

Nú verður brunatjón meira en helmingur brunabótamatsverðs og sveitarstjórn telur nauðsynlegt vegna eldhættu eða af skipulagsástæðum, að hlutaðeigandi hús verði fjarlægt, og er henni þá heimilt að leysa húsið til sín, greiðir hún þá mismun þann, sem er á brunabótum og heildarmatsverði hússins. Ef sveitarstjórn eða eigandi telja brunabótamatsverð ekki rétt, getur hvor um sig krafizt endurmats, og skal þá miða greiðslu við endurmatsverðið. Yfirmatsmennirnir skulu vera þrír og dómkvaddir af viðkomandi dómara. Kostnað við yfirmatsgjörð greiða aðilar eftir reglum í 4. mgr. 6. gr. laga nr. 61/1917.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er hliðstætt lögum nr. 37 10. maí 1965, um breyting á lögum nr. 25/1954, um brunatryggingar í Reykjavík, og þarfnast ekki skýringa.

Frumvarpið er flutt samkvæmt tilmælum fulltrúaráðs Sambands íslenzkra sveitarfélaga.